



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavík 18. október 2019

Til sveitarfélaga.

### **Boð á barnaþing 21. og 22. nóvember**

Umboðsmaður barna býður til þings um málefni barna dagana 21. og 22. nóvember næstkomandi. Barnaþingið er haldið í fyrsta skiptið í ár en samkvæmt breytingum á lögum um umboðsmann barna sem samþykkt voru af Alþingi í lok síðasta árs er honum falið að halda þing um málefni barna á tveggja ára fresti og skal umboðsmaður "bjóða fjölbreyttum hópi barna til þingsins, alþingismönnum, fulltrúum stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna." Með þinginu er brotið blað í samráði við börn og vonandi á barnaþing eftir að verða öflugur vettvangur fyrir samtal og samráð um málefni barna til framtíðar.

Börnin sem taka þátt á þinginu voru valin með slembivali úr þjóðskrá en um 170 börn er að ræða af öllu landinu með fjölbreytta reynslu og bakgrunn. Gert er ráð fyrir þátttöku alþingismanna, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem vinna að málefnum barna. Niðurstöður og ályktanir þingsins verða kynntar ríkisstjórn og er ætlað að verða hluti af samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna. Boðið verður upp á lifandi dagskrá með virkri þátttöku barna og fullorðinna.

Dagskráin hefst klukkan 15:00 þann 21. nóvember með setningarathöfn í Norðurljósasal Hörpu að viðstaddri frú Vigdísi Finnbogadóttur, verndara þingsins. Við athöfnina munu forseti Íslands og ráðherrar meðal annars ávarpa gesti. Einnig verður boðið upp á skemmtiatriði og farið yfir helstu atriði fundarins daginn eftir. Áætlað er að setningarathöfninni ljúki um kl. 17:00.

Þann 22. nóvember fara fram umræður með þjóðfundarfyrirkomulagi í Silfurbergi í Hörpu. Börnin hefja umræðuna um morguninn á vinnuborðum en strax eftir hádegi mæta fullorðnir boðsgestir til að taka þátt í áframhaldandi umræðu um þau umfjöllunarefni sem börnin hafa valið.

Ljóst er að færri munu komast að en vilja, enda um einstakt tækifæri að ræða, en fjöldi sæta er takmarkaður. Skráning á barnaþing fer fram á netfanginu [barn@barn.is](mailto:barn@barn.is) og skráningarfrestur er til og með 28. október. Nánari upplýsingar um barnaþing og framkvæmd þess má finna á [www.barnaþing.is](http://www.barnaþing.is).

Farið er fram á það að skráðir þátttakendur mæti á setningarathöfn þingsins þann 21. nóvember og taki jafnframt fullan þátt í umræðu á vinnuborðum með börnum frá kl. 13:00 til 17:00 þann 22. nóvember.

Það er von mín að sem flestir þingmenn sjái sér fært að mæta á barnaþing og taka þátt í að efla lýðræðislega þátttöku barna og um leið styrkja tengsl þeirra sem vinna að málefnum barna í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,  
Umboðsmaður barna